

**REGLUR**  
**um breytingu á reglum nr. 373/2004 um bann við netaveiði**  
**göngusilungs við Eyjafjörð.**

1. gr.

Við reglurnar bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Þrátt fyrir ákvæði 1. greinar er eigendum lögbýla við austanverðan Eyjafjörð, sem rétt hafa til silungsveiði, heimil netaveiði á silungi í sjó í samræmi við ákvæði laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum fram til 15. júlí 2004.

2. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 7. mgr. 14. greinar laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 15. maí 2004.*

**Árni Ísaksson** veiðimálastjóri.